

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

06 315

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögglustjórinn á Norðurlandi vestra
kt. 670814-0330
Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrókur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Stofnunin hefur það hlutverk að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, stemma stigum við afbrotum og vinna að uppljóstrun brota, greiða götu borgarinnar og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9,1 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 451,1 milljónir og afkoma kr. 21,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 75,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Birgir Jónasson
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	436.400.000	390.000.000
Seld þjónusta	3	2.115.140	1.699.365
Framlög og ýmsar tekjur	4	861.384	1.449.493
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	11.681.056	8.850.559
Tekjur samtals		451.057.580	401.999.417
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	321.558.656	292.574.683
Annar rekstrarkostnaður	6	96.123.394	95.798.720
Afskriftir	7	11.681.056	8.850.559
Gjöld samtals		429.363.106	397.223.962
Afkoma fyrir fjármagnsliði		21.694.474	4.775.455
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(36.789)	(66.459)
		(36.789)	(66.459)
Afkoma ársins		21.657.685	4.708.996

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	233.907	139.859
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		40.853.678	43.900.798
Farartæki og vélar		9.051.733	11.784.272
Aðrar eignir		2.885.280	2.888.986
		<u>52.790.691</u>	<u>58.574.056</u>
Fastafjármunir samtals		<u>53.024.598</u>	<u>58.713.915</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		85.073	85.073
Tengdir aðilar	10	20.834.257	0
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	5.439	31.473
Handbært fé	12	1.061.843	267.351
		<u>21.986.612</u>	<u>383.897</u>
Veltufjármunir samtals		<u>21.986.612</u>	<u>383.897</u>
Eignir samtals		<u>75.011.210</u>	<u>59.097.812</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hrein eign	13	13.733.859	(7.191.903)
Eigið fé samtals		<u>13.733.859</u>	<u>(7.191.903)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	3.316.952	1.984.116
Viðskiptaskuldir		4.798.950	6.875.161
Ýmsar skammtímaskuldir	14	26.733.074	26.821.007
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	26.428.375	30.609.431
		<u>61.277.351</u>	<u>66.289.715</u>
Skuldir samtals		<u>61.277.351</u>	<u>66.289.715</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>75.011.210</u>	<u>59.097.812</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		21.657.685	4.708.996
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	11.681.056	8.850.559
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(11.681.056)	(8.850.559)
		<u>21.657.685</u>	<u>4.708.996</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		26.034	376.817
Tengdir aðilar		(18.725.083)	756.722
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(2.164.144)	(7.212.363)
		<u>(20.863.193)</u>	<u>(6.078.824)</u>
		<u>794.492</u>	<u>(1.369.828)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(250.496)	0
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(5.741.243)	(24.588.601)
		<u>(5.991.739)</u>	<u>(24.588.601)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	14.588.601
Fjárfestingarframlag		5.991.739	10.000.000
		<u>5.991.739</u>	<u>24.588.601</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		794.492	(1.369.828)
		<u>267.351</u>	<u>1.637.179</u>
		<u>1.061.843</u>	<u>267.351</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrning og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningar.

Innlest tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisýrning. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	436.400.000	390.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	11.681.056	8.850.559
	448.081.056	398.850.559

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	415.600.000	0	0	415.600.000
Launabætur	7.800.000	0	0	7.800.000
Millifært úr varasjóð	13.000.000	0	0	13.000.000
Fjárveiting til tekna	436.400.000	0	0	436.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(414.742.315)	0	0	(414.742.315)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	21.657.685	0	0	21.657.685

3 Seld þjónusta

Ýmsar þjónustutekjur	2.115.140	1.699.365
	2.115.140	1.699.365

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	861.384	645.608
Ýmsar tekjur	0	803.885
	861.384	1.449.493

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	262.029.109	238.927.279
Orlof, breyting	(523.996)	(2.887.881)
Launatengd gjöld	58.886.945	54.442.149
Starfsmannakostnaður	1.166.598	2.093.136
	321.558.656	292.574.683

Meðalfjöldi stöðugilda	23,2	24,6
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	310.454	1.068.404
Byggingarvörur, almennar	48	159.851
Byggingarvörur, aðrar	0	5.934
Tæki og búnaður til innréttinga	0	21.046
Ýmis tæki og áhöld	1.206.827	2.799.926
Varahlutir og viðhaldsvörur	547.103	856.058
Orkugjafar	6.697.075	6.322.851
Matvæli	4.149.446	3.508.639
Almennar rekstrarvörur	3.244.610	4.800.171
Vörukaup, almenn	16.155.563	19.542.880
Rannsóknarstofuefni	223.222	222.460
Ýmsar sérgreindar vörur	429.540	145.380
Vörukaup, sérgreind	652.762	367.840
Fundir, námskeið, risna	227.087	137.884
Ferðir, uppihald	2.542.946	4.111.881
Akstur	16.935.972	12.586.090
Sérfræðiþjónusta	11.383.719	6.810.632
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	176.462	97.964
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	264.764	475.626
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.021.939	5.076.883
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	33.552.889	29.296.960
Samningsbundin kaup og leiga	337.350	119.531
Afnotagjöld	2.699.513	2.152.757
Leigugjöld	17.224.056	15.882.154
Notkun véla og flutningatækja	176.144	329.121
Verkkaup	12.578.180	17.375.403
Kostnaðarhlutdeild	10.742.573	10.240.574
Tryggingar, lögboðnar	1.566.390	140.049
Opinber gjöld	162.164	202.051
Tilfærslur	275.810	149.400
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	45.762.180	46.591.040
Annar rekstrarkostnaður samtals	96.123.394	95.798.720
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.185.664	5.976.628
Farartæki og vélar	2.732.539	2.731.572
Aðrar eignir	3.706	3.706
Sölutap og úreltar eignir	2.602.699	65.695
Niðurfærsla óefnislegra eigna	156.448	72.958
	11.681.056	8.850.559

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	40.853.678	43.900.798
Farartæki og vélar	9.051.733	11.784.272
Aðrar eignir	2.885.280	2.888.986
	<u>52.790.691</u>	<u>58.574.056</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	61.268.430	21.898.219	2.900.721	86.067.370
Viðbætur á árinu	5.741.243	0	0	5.741.243
Selt/úrelt á árinu	(8.351.109)	0	0	(8.351.109)
	<u>58.658.564</u>	<u>21.898.219</u>	<u>2.900.721</u>	<u>83.457.504</u>
Afskriftir 01.01.2021	17.367.632	10.113.947	11.735	27.493.314
Afskrift ársins	6.185.664	2.732.539	3.706	8.921.909
Selt/úrelt á árinu	(5.748.410)			(5.748.410)
	<u>17.804.886</u>	<u>12.846.486</u>	<u>15.441</u>	<u>30.666.813</u>
Staða 31.12.2021	<u>40.853.678</u>	<u>9.051.733</u>	<u>2.885.280</u>	<u>52.790.691</u>

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	20.834.257	0
	<u>20.834.257</u>	<u>0</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	1.984.116
	<u>3.316.952</u>	<u>1.984.116</u>

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(7.191.903)	(12.632.822)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(731.923)	731.923
Afkoma ársins	21.657.685	4.708.996
Jöfnuður 31.12.	<u>13.733.859</u>	<u>(7.191.903)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

14 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	26.212.611	26.736.607
Önnur ógreidd gjöld	520.463	84.400
	<u>26.733.074</u>	<u>26.821.007</u>

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	53.024.598	58.713.915
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	(26.596.223)	(28.104.484)
	<u>26.428.375</u>	<u>30.609.431</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	58.713.915	(28.104.484)	30.609.431
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	7.500.000	7.500.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.741.243	(5.741.243)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	250.496	(250.496)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(11.681.056)	0	(11.681.056)
	<u>53.024.598</u>	<u>(26.596.223)</u>	<u>26.428.375</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 9,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga við Fasteignir ríkisins vegna Suðurgötu 1, Höfðabraut og Hnjúkabyggðar 33. Árlega greiðslur vegna húsaleiga eru um 16 milljónir á ári.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.